

94

18. júní

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að $\frac{1}{4}$ stjórnar sjóðsins sé því samþykkt og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

95

18. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elínborgar E. Jóhannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði“, stofnaður 19. sept. 1944, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júní 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínborgar E. Jóhannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði, stofnaður 19. sept. 1944.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Birni Jóhannessyni, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans, þau hjónin Elínborgu E. Jóhannesdóttur og Jóhannes Sveinsson, sem hjuggu um skeið í Litla-Hvammi í Miðfirði, en síðar í Hafnarfirði. Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00.

2. gr.

Sjóðurinn afhendist Skógræktarfélagi Íslands, sem varðveitir hann og ábyrgist. Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur stjórn sjóðsins með höndum.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að koma á fót skógrækt á þeim stað í Miðfirði, sem álitinn verður hentugur til slíkrar ræktunar að dómi sjóðstjórnar og skógræktarstjóra.

4. gr.

Til þess að hrinda framkvæmdum af stað er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að helmingi þeirrar upphæðar, er sjóðurinn nemur, þá framkvæmdir hefjast. Hitt, sem eftir er í sjóði, þegar upphaflegu verki er lokið — þ. e. þegar land hefur verið girt og í það sáð og plantað að fullu — skal ávaxtað á tryggan hátt ásamt þeim gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast, svo framarlega að þær séu ekki bundnar skilyrðum um að vera notaðar til framkvæmda strax.

5. gr.

Til þess að tryggja starfsemi þá, sem rekin er á vegum sjóðsins eða með aðstoð hans, skal stjórn hans fylgjast með hversu starfinu miðar og bæta úr því, sem ábótavant verður. Til þessa er henni heimilt að nota vexti höfuðstóls eftir þörfum.

6. gr.

Telji stjórn sjóðsins hann hafa fé aflögu til fleiri framkvæmda en þeirra, sem upphaflega var byrjað á, má hefja nýjar framkvæmdir. Skal þá stjórn hans ásamt skógræktarstjóra ákveða hvar og hvernig því starfi skuli hagað.

Verði skógræktarfélag stofnað í Vestur-Húnavatnssýslu getur stjórn sjóðsins 95
falið því framkvæmdir undir eftirliti skógræktarstjóra. Skulu framkvæmdir allar 18. júní
þó ávallt bundnar við Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppa í Vestur-Húnavatnssýslu.

7. gr.

Reikningar sjóðsins og skýrsla um störf hans skal birt ásamt skýrslum og
reikningum Skógræktarfélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 96

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr. 1 957 813.43	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 1 186 751.67	
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 39 950.80	
d. Reikningslán	— 4 048 687.33	
		kr 7 233 203.23
2. Víxlar	— 27 235 449.92	
3. Verðbréf	— 8 955 674.79	
4. Lán í hlaupareikningi	— 3 288 513.37	
5. Kreppulánasjóður	— 263 167.74	
6. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga	— 566 950.86	
7. Ýmsir skuldunautar	— 220 478.10	
8. Innanstokksmunir	— 51 700.00	
9. Fasteignir	— 210 000.00	
10. Innheimtur	— 151 985.27	
11. Innleystir tékkar	— 167 555.87	
12. Tryggingar fyrir ábyrgðum	— 188 100.00	
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 14 407 149.03	
		Kr. 62 939 928.18

Skuldir:

1. Innstæðufé í sparisjóði	kr. 38 984 454.00
2. — á viðtökuskirteinum	— 986 789.88
3. — í hlaupareikningi	— 14 426 357.64
4. — í reikningslánnum	— 130 159.37
5. Ræktunarsjóður Íslands	— 1 803 608.20
6. Viðlagasjóður	— 711 557.15
7. Byggingarsjóður	— 1 020 746.40
8. Loðdýralánadeild	— 7 534.62
9. Smábýladeild	— 276 833.01
10. Veðdeild	— 412 139.30
11. Nýbýlasjóður	— 64 100.93
12. Ýmsir kröfuhafar	— 227 530.00

Flyt . kr. 59 051 810.50